Sþ. **656. Fyrirspurn** [363. mál]

til utanríkisráðherra um svonefnd „innri öryggismál".

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Eru uppi áform í utanríkisráðuneytinu um að koma á fót leyniþjónustu eða öryggislögreglu að erlendri fyrirmynd?
2. Hverju sætir að utanríkisráðherra reifar slíkar hugmyndir á fundi hjá Varðbergi áður en þær eru kynntar fyrir t.a.m. utanríkismálanefnd Alþingis, ríkisstjórn og þingflokkum?
3. Telur utanríkisráðherra eðlilegt að starfsmenn ráðuneyta ræði, á þessu stigi málsins, svonefnd „innri öryggismál" og skýri frá vinnu ráðuneyta þar að lútandi á fundum þar sem viðstaddir eru meðal annarra erlendir sendiráðsstarfsmenn?